

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

„Hið þanda segl, hinn rennandi lækur ...“

Athygli, ást og lotning í siðfræði náttúrunnar¹

Inngangur

Heimspekingar svara spurningum um gildi manna og dýra gjarnan með því að benda á eiginleika viðkomandi vera. Hugmyndin er í grófum dráttum sú að hægt sé að ákvarða hvaða gildi verur hafa með því að rannsaka hvaða hugrænu eiginleikum þær eru gæddar. Í þessari grein mun ég skoða og gagnrýna dæmi um heimspekilega nálgun af þessu tagi. Ég held því fram að þótt hún geti í fljótu bragði vist vera skynsamleg þá sé hún vanhugsuð og geri ekki góða grein fyrir uppsprettum siðferðilegrar hugsunar, hvorki um manneskjur, dýr eða náttúruna í heild. Færð eru rök fyrir því að skynsamlegra sé að skilja gildi mannfólks og náttúru í ljósi hugtaka á borð við athygli, ást og lotningu. Í þessari grein er sá skilningur lagður í þessi hugtök að þau merki einhvers konar opnun sálarinnar gagnvart tilvist og einstöku gildi hlutanna. Þegar við berum til dæmis eiginlega ást til manneskju (eða náttúrufyrirbæris) sjáum við hana betur en aðrir og erum glöggskyggjari á gildi hennar. Þar eð við erum á hinn bóginn takmarkaðar verur getur okkar eigið sjónarhorn, og okkar eigin ást, oftast ekki blindað okkur á ást annarra og á það sem hún leiðir í ljós um veröldina. Blinda af þessu tagi getur meðal annars átt þátt í að dýpka siðferðilegan ágreining, til dæmis þegar kemur að náttúrunni og spurningum um nýtingu eða friðun hennar. Ég færi fyrir því rök að gegn slíki „erfðablindu“ megi bregðast með því að leggja rækt við menningu eða mannlíf athyglinnar. Það sem myndi einkenna slíkt mannlíf

¹ Grein þessi byggist á hluta af 5. kafla doktorsritgerðar minnar *Siðfræði athyglinnar: Rannsókn á þýðingu athygli og ímyndunararfs í siðferðilegu lífi*, Reykjavík: Háskóli Íslands, Sagfræði- og heimspekideild, 2015. Ég þakka ritrynum gagnlegar athugasemdir.



væri dýpri vitund fólks um mikilvægi jafnt og takmarkanir eigin sjónarhorns, og vilji þess til að dýpka skilning sinn á þýðingu hlutanna með því að læra af sýn annarra. Í slíkri menningu hefðu þeir að jafnaði meira fram að færa sem væru ekki aðeins hlutlausir áhorfendur heldur gætu jafnframt ræktað ást sína og tjáð hana með hvað skýrustum og áhrifamestum hætti. Ég ræði loks í nokkru máli dæmi um afstöðu heimspekings til náttúrunnar sem einkennist af ást og lotningu, og ævilangri glímu hans við að koma henni sem best í orð. Hana er að finna í náttúruskrifum Henry Davids Thoreau. Öndvert við hina „röklegu“, eiginleikabundnu nálgun margra heimspekinga nútímans felur náttúruhugsun Thoreaus í sér opinskáa viðurkenningu á því að gildi náttúrunnar verði einungis metið og skilið í ljósi hugsunar og breytni þeirra sem skerpa athygli sína á henni, nálgast hana af lotningu, og unna henni af heilum hug.

Byggist gildi vera á eiginleikum þeirra?

Ágætt dæmi um hefðbundna heimspekilega afstöðu til gilda í heimi manna og náttúru er að finna í grein Þorsteins Hilmarssonar „Þekking og siðferði í umgengni við náttúruna“.² Þorsteinn segir þar að siðferði felist í skuldbindingum milli manna, sem aftur byggjast á þeim sérstöku eiginleikum sem menn eru gæddir. Menn hafa „andlega hæfileika sem eru einstakir í heiminum“, segir Þorsteinn.³ Þeir geta gert sér grein fyrir stöðu sinni í heiminum og lagt mat á áhrif gjörða sinna; þeir hafa vitsmuni, skynsemi, vilja, vitund og siðferðisvitund; þeir afla vitneskju eftir röklegum leiðum, geta skýrt hana og rökstutt, og miðlað henni markvisst til annarra.⁴ Eiginleikar af þessu tagi „upphefja manninn“, gera hann að siðferðisveru og réttmætu viðfangi virðingar og siðferðilegrar ábyrgðar.⁵ Um leið gera þessir eiginleikar

² Þorsteinn Hilmarsson, „Þekking og siðferði í umgengni við náttúruna“, *Náttúrusýn*, ritstj. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1994, bls. 105–110.

³ Sama rit, bls. 106.

⁴ Sama rit, bls. 106–107. Þorsteinn leggur sérstaka áherslu á þekkingarleit og þekkingarbeitingu í þessu sambandi. Þessi „eiginleiki“ er ekki aðeins „kjarni þess sem greinir okkur frá dýrunum og veldur því að við erum að sönnu hafin yfir umhverfi okkar“, bls. 110, heldur telur Þorsteinn einnig að hann „sé eitt frumeinkenni mannsins sem ekki getur talist siðferðilega rétt eða rangt“ og að í raun standi hann „utan við svið siðferðisins vegna þess að hann er forsenda þess að maðurinn hafi siðferði“, bls. 109. Hvernig þessi eiginleiki getur í senn upphafið okkur siðferðilega og staðið utan siðferðis skýrir hann ekki nánar.

⁵ Sama rit, bls. 107.

okkur kleift að gera skarpan siðferðilegan greinarmun á mönnum og öllu öðru í náttúrunni. Ekki er nóg með að menn beri „ekki neina siðferðilega ábyrgð gagnvart náttúrunni“ og séu ekki skuldbundnir henni siðferðilega.⁶ Þar sem aðrar lífverur og náttúruna í heild skortir þá eiginleika sem upphefja manninn siðferðilega þá er „tal um hagsmunum náttúrunnar sjálfar eða annarra lífvera en mannsins ... ekki réttmæt siðfræðileg undirstaða í samskiptum mannsins og við náttúruna“.⁷ Sömuleiðis eiga siðferðileg hugtök á borð við jafnrétti og réttlæti ekki við um „samskipti manna við umhverfi sitt og þær lífverur sem þar eru“.⁸ Almennt talað hefur náttúran, að dómi Þorsteins, „enga þá eiginleika til að bera sem krefjast sérstakrar virðingar af okkur mönnum“ – enga eiginleika sem krefjast „ákveðinnar framkomu af okkar hálfu“.⁹ Þess vegna telur Þorsteinn einnig að þær ógnir sem steðja að náttúrunni geti ekki orðið undirstaða siðferðilegra krafna um að maðurinn láti af þeirri viðleitni sem veldur þessum hættum fyrir náttúruna.¹⁰ Hann heldur því fram að „það geti ekki verið réttmæt siðferðileg krafa að náttúrunni verði hlíft með því að menn afneiti þeim grunnþætti í fari sínu að leita þekkingar og beita henni“.¹¹ Það eina sem getur gefið mönnum réttmæta ástæðu til að setja framferði sínu í náttúrunni mörk, að dómi Þorsteins, er ef hægt er að sýna fram á að athafnir manna séu manninum sjálfum ekki til góðs, þ.e. ef hægt er að sýna að „maðurinn vinni gegn því markmiði að búa sér betra líf“.¹² Þorsteinn efast í sjálfu sér ekki um það að menn geti skaðað náttúruna og að sá skaði valdi mönnum sjálfum tjóni. Hann telur þó að sú staðreynd kalli ekki á náttúruvernd heldur á enn frekari viðleitni manna til að ná valdi á umhverfinu því það sé með aukinni þekkingu og beitingu þekkingar sem farsæld mannsins og „velfarnaður náttúrunnar“ sé best tryggður.¹³

Þessar hugmyndir Þorsteins myndu af mörgum vera flokkaðar undir mannhverf (e. *anthropocentric*) viðhorf til náttúrunnar.¹⁴ Þó verður að setja

⁶ Sama rit, bls. 106.

⁷ Sama rit, bls. 108.

⁸ Sama rit, bls. 108.

⁹ Sama rit, bls. 106 og 110.

¹⁰ Sama rit, bls. 110.

¹¹ Sama rit, bls. 109.

¹² Sama rit, bls. 110.

¹³ Sama rit, bls. 109.

¹⁴ Aðra vörn fyrir mannhverf viðhorf, en þó með nokkuð öðru sniði en birtist í grein Þorsteins, er að finna í grein eftir Wilfred Beckerman og Joanna Pasek, „In Defense of Anthropocentrism“, *Environmental Ethics. The Big Questions*, ritstj. David R. Keller, Oxford: Wiley-Blackwell, 2010, bls. 83–88.

fyrirvara við slíka flokkun vegna þess að afstaða Þorsteins til siðferðis byggist í strangasta skilningi ekki á „upphafningu“ *mannsins* sem slíks heldur upphafningu vissra *eiginleika* sem sagðir eru liggja öllu siðferði til grundvallar. Það sem gerir afstöðu Þorsteins mannhverfa er fyrst og fremst sú hugmynd að einungis (flestir?) menn séu gæddir þessum undirstöðueiginleikum siðferðisins. Annað sem vert er að draga fram í þessu sambandi er að eiginleikarnir sem sagðir eru upphafningu manni og ljá honum siðferðilega stöðu eru almennt siðferðilega hlutlausir. Vitsmunir, skynsemi, vilji, vitund og hæfileiki til að afla þekkingar eftir röklegum leiðum eru ekki siðferðilegir eiginleikar sem slíkir þótt þeir hafi ýmis tengsl við slíka eiginleika. Jafnvel eiginleiki á borð við siðferðisvitund er hlutlaus í þeim skilningi að hann segir ekkert til um mannkosti eða -lesti, réttlæti eða ranglæti. Hugmynd um að siðferðilegt gildi vera byggist á siðferðilega hlutlausum eiginleikum af þessu tagi er fjarri því að heyra til undantekninga í röðum heimspekinga nú á dögum. Ef má marka nýlega bók Alice Crarys, *Inside Ethics*, hneigjast heimspekingar upp til hópa til að líta svo á að einu aðferðirnar sem geti gefið okkur beina þekkingu á mönnum og dýrum séu þær sem sverja sig í ætt við náttúruvísindi.¹⁵ Siðfræði hljóti því að þiggja skilning sinn á eðli og siðferðilegri stöðu manna og dýra utan frá, ef svo má að orði komast, það er frá vísindunum. Að dómi Crarys sprettur þessi rótgróna afstaða ekki síst af því að meðal heimspekinga nú á dögum sé litið á það sem sjálfsgöðan hlut að heimurinn sem við kynnumst í reynslu okkar sé sneyddur öllum gildum – hann sé siðferðilega merkingarlaus sem slíkur. Þessi „harða veruleikasýn“ (e. *hard metaphysics*), sem oftar en ekki sé óorðuð og sjálfgefin forsenda í fræðilegri orðræðu nútímans, sé ástæða þess að heimspekingar leggi svo mikla áherslu á að allt siðferði verði að grundvallast á siðferðilega hlutlausum eiginleikum, á borð við skynsemi, vitund, vilja, skynhæfni, og svo framvegis. Óhugsandi sé að siðferðilegir eiginleikar og gildi geti verið hluti af grunngerð veruleikans.¹⁶

Siðfræðileg nálgun af þessu tagi vekur margar spurningar. Eftirfarandi

¹⁵ Alice Crary, *Inside Ethics. On the Demands of Moral Thought*, Cambridge, Harvard University Press, 2016, bls. 2.

¹⁶ Orðasamböndin „innan marka siðferðis“ (e. „*inside ethics*“ – samanber titil bókar Crarys), og „utan marka siðferðis“ (e. „*outside ethics*“) hafa merkingu í ljósi ofangreindra sjónarmiða. Crary telur að hugsuðir sem álíta að menn og dýr skorti alla sjáanlega *siðferðilega* eiginleika staðsetji eða ákvarði menn og dýr utan marka siðferðis, en þeir hugsuðir sem álíta að menn og dýr hafi slíka eiginleika setji eða ákvarði þau innan marka siðferðis, sjá sama rit, bls. 11–12. Af greiningu Crarys má ráða, þótt undarlegt megi virðast, að margir áhrifamestu siðfræðingar samtímans staðsetja menn og dýr utan marka siðferðis.

klausa í grein Þorsteins gæti til dæmis fengið okkur til að spyrja hvort hún sé fyllilega sjálfri sér samkvæm:

Ef hefja á náttúruna upp sem fyrirbrigði sem setur okkur siðferðilegar skuldbindingar á herðar þyrfti að sækja út fyrir hversdagslegan reynsluheim mannsins á skáldleg, trúarleg eða jafnvel yfirskilvitleg svið. Þar er vitneskju hvorki aflað né miðlað eftir röklegum leiðum heldur með hjálp hughrifa eða innsýnar sem einstaklingar hafa vissulega oft talið sig öðlast, en þeir hafa þá hvorki getað miðlað henni markvisst til annarra né skýrt og rökstutt hana svo viðhlítandi sé.¹⁷

Þetta er ein af mörgum staðhæfingum í grein Þorsteins þar sem hann hafnar því með öllu að náttúran veki sem slík siðferðilega ábyrgð eða skyldur manna. Vert er að veita því eftirtekt hér hve skarpan greinarmun Þorsteinn gerir á „röklegum leiðum“ til að afla siðferðilegrar þekkingar annars vegar og leið „hughrifa eða innsýnar“ hins vegar, líkt og siðferðilegur skilningur verði að byggjast *alfarið* á röklegri skynsemi og alls ekkert á innsæi. Vandinn við þennan skarpa greinarmun er ekki síst sá að erfitt er að sjá hvernig hægt á að vera að réttlæta siðfræðilegar hugmyndir yfirleitt án þess að skírskota að einhverju leyti til annarra atriða en röklegra eða raunvísindalegra þátta. Svo dæmi sé tekið gæti enginn raunvísindamaður, sem mótaði skoðanir sínar eingöngu og stranglega á grundvelli vísindalegrar aðferðafræði, fallist á þá skoðun að eiginleikar eins og vitsmunir, vitund eða hæfileikinn til að leita þekkingar *upphefji* manninn eða séu á einhvern hátt svo einstakir að þeir gefi manninum óviðjafnanlega stöðu í alheiminum. Ástæðan er sú að orðalag af þessu tagi vísar til þeirrar siðferðilegu *þýðingar* sem umræddir eiginleikar hafa en ekki bara til hlutlægra staðreynda um þá. Frá röklegu sjónarmiði hlutlægra vísinda er mannlíf ekki meira virði en líf ostru, svo vísað sé til frægra ummæla Humes. Ef við gerum lítið úr þeim almennu sálargáfum sem gera okkur kleift að sjá heiminn og fyrirbæri hans sem annað og meira en hlutlausar staðreyndir þá gröfum við um leið undan stoðum siðferðilegrar hugsunar. Að líta á vissa eiginleika sem einstaka og upphafna, líkt og Þorsteinn gerir, er að marka sérstöðu þeirra með hætti sem ekki er hægt að réttlæta með hlutlægri og röklegri orðræðu vísinda. Vandinn er sá að okkur getur virst siðferðileg sérstaða þessara eiginleika vera svo sjálfsögð og augljós að okkur yfirsjáist hvernig hún er mörkuð af siðferðilegum skilningi sem

¹⁷ Þorsteinn Hilmarsson, „Þekking og siðferði í umgengni við náttúruna“, bls. 107.

í ríkum mæli er mótaður af innsæi, athygli og ímyndunarafli af vissu tagi.

Við getum nú séð betur í hvaða skilningi sú fullyrðing er röng að ekki sé hægt „að leggja fram gildar röksemdir fyrir því að náttúran hafi einhverja þá verðleika til að bera sem gera hana þess eðlis að menn verði skuldbundnir henni siðferðilega“ – og einnig í hvaða skilningi í henni leynist sannleikskorn.¹⁸ Hún er röng, eða takmörkuð, í þeim skilningi að hún lítur á mörk siðferðisins sem fastákveðin eða fyrirfram afmörkuð. Líkt og margir hugsuðir hafa þó fært rök fyrir á umliðnum áratugum er hægt að útvíkka hefðbundin mörk þess sem siðferðilegar skuldbindingar manna ná til svo þær beinist ekki aðeins að mönnum heldur einnig dýrum og jafnvel einnig náttúrunni eða landinu í heild. Gott dæmi um slíka hugsuði er Aldo Leopold sem færir rök fyrir því í „The Land Ethic“ að „vistfræðileg samviska“, sem felur meðal annars í sér sannfæringu einstaklings um ábyrgð sína á heilbrigði landsins og einstökum meðlimum þess, sé bæði „þróunarlegur möguleiki og vistfræðileg nauðsyn“.¹⁹ Samkvæmt landsiðfræði Leopolds er með öðrum orðum bæði orðið mögulegt og nauðsynlegt að mannfólkið líti á sig sem borgara í samfélagi, sem Leopold nefnir einfaldlega „landið“, og sýna öðrum borgurum þessa samfélags – dýrum, jurtum, vötnum og jarðvegi – og landinu í heild, virðingu. Hvort sem fallist er á niðurstöðu Leopolds hvað þetta varðar eða ekki blandast engum sem les skrif hans hugur um að hann færir sterk rök fyrir máli sínu. Hann sýnir til dæmis með góðum rökum að nauðsynleg verndun lands og vistkerfa verði ekki framkvæmd á grundvelli markaðslögmálanna einna, meðal annars vegna þess að fjölmargir meðlimir landsins hafi ekkert markaðsvirði, jafnvel þótt þeir séu forsenda heilbrigðs lífsfélags. Þar eð ríkisforstjóri með tilheyrandi boðum og bönnum skili einnig takmörkuðum árangri í verndun landsins sé eina raunhæfa leiðin til að takast á við umhverfisvanda nútímans sú að stuðla að útvíkkun hugmynda manna um siðferðilegar skyldur sínar gagnvart landinu. Rök Leopolds fyrir útvíkkun siðferðisins minna okkur á að spurningar um eðli og mörk siðferðis eru ekki bara heimspekilegt viðfangsefni sem lýtur heimspekilegum rökum á borð við þau sem Þorsteinn Hilmarsson setur fram. Það má líta á slíka út-

¹⁸ Sama rit, bls. 106. Rétt er að taka fram að Þorsteinn hafnar ekki aðeins þeirri fremur óljósu hugmynd að við getum haft skyldur við náttúruna, líkt og náttúran væri persóna, heldur einnig þeirri mun skiljanlegri hugmynd að náttúran sé dýrmæt sem slík og það eitt sé í sjálfu sér næg ástæða til að vernda hana.

¹⁹ Aldo Leopold, „The Land Ethic“, *A Sand County Almanac*, Oxford: Oxford University Press, 1989, bls. 203. Í greininni „Náttúrusýn, hluttekning og siðferði“ í *Náttúrusýn*, bls. 71–87, færir Róbert H. Haraldsson með skyldum hætti rök fyrir möguleikanum á útfærslu á landamærum hluttekningar gagnvart náttúrunni.

víkkun frá vistfræðilegu sjónarhorni, eða sem „ferli í vistfræðilegri þróun“.²⁰ Því betur sem við gerum okkur grein fyrir því hvernig allir þættir landsins tengjast hver öðrum og eru háðir hver öðrum, og hvernig hver einasti meðlimur hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélagi landsins, jafnvel þótt menn viti ekki nákvæmlega í hverju það er fólgið, þeim mun auðveldara verður að sannfærast um hina vistfræðilegu vídd siðferðisins.

Ástin, lotningin og blindan á innra líf annarra

Sannleikskornið í þeirri fullyrðingu Þorsteins að ekki sé hægt að rökstyðja beinar skyldur manna gagnvart náttúrunni er ef til vill það að afstaða okkar til náttúrunnar ræðst ekki alfarið af *rökum* heldur einhverju sem ristir dýpra en rök. Erfitt getur reynst að sannfæra einhvern með rökum um mikilvægi siðferðilegra markmiða og dygða ef hjarta hans eða hennar er fyrirfram lokað fyrir gildi þeirra. Þetta er meðal annars ástæða þess að siðferðilegt uppeldi er að verulegu leyti tilfinningalegt uppeldi; það felst í því að öðlast réttar tilfinningar gagnvart réttum hlutum, ef svo má að orði komast.²¹ Þetta gildir um samband okkar við náttúruna engu síður en samband okkar við aðra menn. „Það er í mínum huga óhugsandi“, segir Aldo Leopold, „að siðferðilegt samband við land sé fyrir hendi án ástar, virðingar og aðdáunar á landi, og án þess að virði þess sé haft í hávegum“.²² Rök eru með öðrum orðum máttlaus til að sýna fram á verðleika landsins ef ástina, virðinguna og aðdáunina á því skortir. Hjartað og tilfinningarnar, ekki hugurinn og rökin, eru undirstaða siðferðilegs sambands okkar við náttúruna.

Að viðurkenna þetta gerir rökræður fjarri því gagnslausar. Það varpar á hinn bóginn ljósi á eðli og dýpt siðferðilegs ágreinings um náttúruna jafnt sem önnur efni, og hvaða leiðir eru raunhæfar til að jafna slíkan ágreining. Til umhugsunar má í þessu sambandi taka dæmi um djúprættar en nokkuð dæmigerðar deilur um nýtingu náttúrunnar. Í umfjöllun sinni um hina gleymdu dygð, lotningu, lýsir Paul Woodruff meðal annars deilu sem rís í skógarhöggsþorpi nokkru vegna áforma um að fella risatré í hæðunum fyrir

²⁰ Aldo Leopold, „The Land Ethic“, bls. 202.

²¹ Bæði Platon, sjá *Lögin* 653 A–C og *Ríkið* 401 E–402 A, og Aristóteles, sjá *Siðfræði Nikomakkosar* 1104b, ræða um mikilvægi tilfinningalegs uppeldis. Þannig talar Aristóteles um nauðsyn þess að við ölumst „upp frá blautu barnsbeini ... svo að við finnum til ánægju og sársauka vegna þess sem skyldi“, sjá *Siðfræði Nikomakkosar*; þýðandi Svavar Hrafn Svavarsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995, bls. 257.

²² Aldo Leopold, „The Land Ethic“, bls. 223.

ofan bæinn.²³ Fáeinir náttúruverndarsinnar leggjast gegn áformunum; þeir reyna að sannfæra bæjarbúa með rökum af ólíku tagi; þeir minna á að Guð hafi sett manninn í aldingarðinn „til að yrkja hann og gæta hans“ eins og segir í Fyrstu Mósebók; þeir benda á að það skaði langtímahagsmuni bæjarbúa að fella trén; þeir tíunda óæskileg umhverfisáhrif á borð við jarðvegseyðingu og búsvæðamissi; þeir tala um að vernda trjátegundir, lágvaxnar jurtir og dýr. Bæjarbúar eiga á hinn bóginn svör við öllum þessum röksemdum; Ritningin, benda þeir á, segir að menn skuli drottna yfir náttúrunni og þeir saka verndarsinnana um að dýrka trén eins og heiðnir menn dýrka skurðgoð; þeir færa fyrir því rök að bærinn muni ekki hafa neinar teljandi tekjur af skóginum í framtíðinni, hvorki með ferðamennsku né á annan hátt; upplástur verði ekki vandamál því hægt verði að planta trjám í stað þeirra sem hverfa; síðast en ekki síst séu engar sjaldgæfar tegundir dýra eða plantna í skóginum sem þörf sé á að vernda. Að endingu gera náttúruverndarsinnarnir sér grein fyrir því, segir Woodruff, að þeir hafi engin afgerandi rök fyrir því að vernda trén, og þeir viti ekki alveg hvers vegna þeir vilja vernda þau og hvers vegna þeir megi ekki til þess hugsa að þeim verði eytt:

Þessi miklu tré hafa staðið í þessum fjöllum um aldir. Þau rísa af gildum grunni upp í mikla hæð, þau eru búsvæði fyrir mörg dýr, undir völdugum krónum þeirra ríkir hnausþykkt rökkur. Eins og allt sem vekur lotningu eru trén í mikilvægum skilningi handan þess sem við fáum skilið. Við vitum ekki hvað mun gerast þegar þau verða felld og við getum ekki búist við að geta haft stjórn á öllum afleiðingum þess. Enginn bóndi getur ræktað slík tré; jafnvel þótt menn gætu lifað nógu lengi gætu þeir ekki endurskapað aðstæðurnar sem skópu þennan skóg. En þessi tré verða felld og unnin í hráefni fyrir heimili sem að líkindum verða rifin eftir innan við mannsaldur til að rýma fyrir nýjum byggingum. Og hvers vegna ekki? Það verður að höggva tré. Hvers vegna ekki þessi?²⁴

Dæmið lýsir býsna algengum aðstæðum í nútímanum og einnig hugsunum þeirra sem reyna að gera upp hug sinn um nýtingu landsvæða og náttúru-fyrirbæra.²⁵ „Hvers vegna þessi?/Hvers vegna ekki þessi?“ eru spurningar sem

²³ Paul Woodruff, *Reverence. Renewing a Forgotten Virtue*, Oxford: Oxford University Press, 2001, bls. 22–25.

²⁴ Sama rit, bls. 23–24.

²⁵ Í upphafi *Íslandsklukkunnar* eftir Halldór Laxness er lýst öldnum manni sem reynir að telja bifalingsmann konungs, Sigurð Snorrason, af því að taka og eyðileggja

gefa til kynna þann nánast tilvistarlega vafa sem margir upplifa andspænis þeim ákvörðunum sem í sífellu er þröngvað upp á borgara í nútíma samfélögum. Að sjálfsögðu eru hlutlægar vísindalegar upplýsingar um tegund og sérstöðu vistkerfisins, búsvæði dýra og plantna og svo framvegis, nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að komast að skynsamlegum niðurstöðum í slíkum deilumálum. Á hinn bóginn sýnir umræða Woodruffs um dæmið að til grundvallar ákøfum deilum um náttúrunýtingu eða friðun liggur gjarnan afstaða sem óvíst er að aðilar hennar geti komið í orð, og hverfist að endingu um það fyrir hverju þeir bera lotningu eða dást að. Annars vegar einkennist afstaða bæjarbúa af lotningu fyrir, eða grundvallarhollustu við, bænum sínum, og umhyggju fyrir fortíð hans og framtíð. Hins vegar einkennist afstaða friðunarsinnanna af undrunarfullri lotningu fyrir sjálfstæðri tilvist og tign risavaxinna trjáa. Deilan er djúpstæð vegna þess að hún snýst ekki bara um hin ólíku rök og hagsmuni í málinu heldur ekki síður um hina undirliggjandi sýn á og tilfinningu fyrir veruleikanum.

Hvað er til ráða þegar ágreiningurinn milli fólks er svo djúpstæður? Woodruff bendir á að ein ástæða þess að deilur af þessu tagi hlaupa í harðan hnút sé sú að báðir deiluaðilar eru fyrirfram lokaðir fyrir eða blindir á það sem gagnaðilinn sér af veruleikanum. Þeir eru ekki bara blindir á rök hvor annars heldur, það sem meira er um vert, á það sem snertir dýpstu og viðkvæmustu strengina í brjóstum hvor annars. Vitund okkar og athygli er alla jafna ákaflega takmörkuð. Við erum oftast bundin við eigið sjónarhorn á tilveruna og eigum býsna erfitt með að greina sjónarhorn annarra. Það er þessi staðreynd um takmarkanir okkar sem William James gerir að umtalsefni í „On a Certain Blindness in Human Beings“:

Við erum verklegar verur, hvert með takmarkað hlutverk og skyldur til að fylgja. Hverjum og einum hlýtur að finnast mikið til um mikilvægi eigin skyldna og þýðingu þeirra kringumstæðna sem kalla þær fram. En þessi tilfinning er óhjákvæmilegt leyndarmál í hverju okkar, sem til lítils er að vænta að aðrir skilji – aðrir eru of niðursokknir í sín eigin óhjákvæmilegu leyndarmál til að hafa áhuga á okkar. Þar af leiðir okkar eigin skammsýni og ósanngirni gagnvart því hvaða þýðingu líf annarra hefur. Þar af leiðir villurnar

klukkuna sem hangir yfir þingskálunum á Þingvöllum. Rök gamla mannsins eru fáeinar áhrifalitlar fullyrðingar, sem enginn áhrif hafa á útsendarann, en á hinn bóginn dylst lesandanum ekki sú lotning sem gamli maðurinn ber fyrir klukkunni sem „má ekki brjóta“ vegna þess að hana hefur „landið altaf átt“. Sjá Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1991, bls. 9–14.

í dómum okkar að svo miklu leyti sem við þykjumst geta ákvarðað fyrir fullt og allt gildi hugsjóna og hlutskiptis annars fólks.²⁶

Í þessari ritgerð James togast annars vegar á djúp tilfinning hans fyrir hinu mikla og óumflýjanlega „kólguškýi erfðablindu“ sem hangir yfir flestum mönnum og kemur í veg fyrir að þeir viðurkenni innra líf og sjónarhorn hver annars, og hins vegar sú sannfæring hans að þeir geti með einhverju móti unnið gegn slíkri blindu, eða tamið sér að minnsta kosti aukið umburðarlyndi í ljósi hennar.²⁷ Að reyna að opna augun fyrir innra lífi og sjónarhorni annarra getur þrátt fyrir allt fært okkur nær þeim sannleika sem ást og umhyggja annarra opinberar. Eða eins og James orðar á sinn ákafa og tilfinningaþrungna hátt:

Hver Jón sér í sinni tilteknu Gunnu töfra og fullkomnun sem við sem sljóir áhorfendur erum algerlega ónæg fyrir. Og hvorir eru í betri stöðu til að sjá hið sanna, hann eða við? Hvorir hafa í raun og veru skarpari innsýn í eðli og tilveru Gunnu? Er hann kominn út í öfgar, búinn að missa dómgreindina í þessu efni? Eða er það okkur sem er áfátt, þjáumst við af sjúklegu tilfinningaleysi varðandi hið töfrandi mikilvægi Gunnu? Sannarlega hlýtur hið síðara að vera nær sanni, sannarlega hljóta dýpri sannindi að vera opinberuð Jóni; sannarlega er hraður æðsláttur vesalings Gunnu meðal undra sköpunarinnar, er hann verðugur þessarar samúðarfullu athygli; og það er okkur hinum til minnkunar að við skulum ekki geta fundið það með sama hætti og Jón. Því Jón viðurkennir Gunnu sem einstakling, en við gerum það ekki. Hann reynir að komast í snertingu við hennar innra líf, skynja tilfinningar hennar, sjá fyrir langanir hennar, skilja takmarkanir hennar eins heiðarlega og honum er unnt ... Hvar værum við ef enginn væri reiðubúinn

²⁶ William James, „On a Certain Blindness in Human Beings“, *William James. Writings 1878–1899*, New York: The Library of America, 1992, bls. 841. Dæmið sem James leggur út af í upphafi „On a Certain Blindness“ er keimlíkt dæmi Woodruffs. James lýsir því hvernig hann hafi á ferðalagi um fjöll Norður-Karólínuríkis orðið miður sín vegna meðferðar frumbýlinganna á skóginum, sem þeir höfðu rutt og byggt úr grófgerða kofa og gerði, og sáð maís innan um stubbana. Sjónarhorn hans hafi hins vegar breyst þegar hann gerði sér ljóst að það sem hann hafði litið á sem helbera berstrípun og afskræmingu landsins líti heimamenn á sem ávinning og sigur í baráttunni fyrir betra lífi. James áttar sig með öðrum orðum á eigin blindu á það sem gæðir líf fólksins á svæðinu æðri tilgangi og eldmóði.

²⁷ William James, „What Makes a Life Significant“, *William James. Writings 1878–1899*, New York: The Library of America, 1992, bls. 862.

að þekkja okkur eins og við erum í raun og veru eða reiðubúinn að endurgjalda okkur fyrir okkar innsýn með því að bera kennsl á okkur á móti? Við ættum, við öll, að viðurkenna hvert annað á þennan ákafa, tilfinningaríka og mikilvæga hátt.²⁸

Af þessu má ef til vill draga þá ályktun að áhrifaríkasta leiðin til að stuðla að sameiginlegum lausnum í djúpstæðum samfélagslegum ágreiningsmálum sé að leggja rækt við menningu þar sem ríkir gagnkvæmur vilji fólks til að rækta með sér „samúðarfulla athygli“, rækta með sér aukinn skilning, eða að minnsta kosti aukið umburðarlyndi, gagnvart veruleikasýn og hugsjónum annarra – svo lengi sem sú veruleikasýn og þær hugsjónir ganga ekki út á að valda öðrum skaða. Í slíkri menningu – menningu athyglinnar – bæri fólk svo ríka virðingu fyrir hinu sanna, og væri svo meðvitað um óhjákvæmilegar takmarkanir eigin sjónarhorns á það, að það myndi reyna að nýta hvert tækifæri sem heiðarleg hugsun og ærleg tilfinning annarra gæfi því til að öðlast þessa nýju sýn. Það myndi vilja dýpka skilning sinn á þýðingu hlutanna með því að læra af sýn annarra á þá. Sumir myndu óhjákvæmilega hafa meira að gefa af sér í því efni en aðrir. James er til dæmis ekki í vafa um hverjir það eru sem hafa mest fram að færa þegar þýðing og sannleikur er annars vegar. „Við hljótum að trúá,“ segir hann, „að sannari hliðin sé hlið þess sem hefur ríkari tilfinningar [feels the more] en ekki hlið þess sem hefur fátæklegri tilfinningar [feels the less]“.²⁹ Það eru með öðrum orðum ekki hinir hlutlausu áhorfendur sem kenna okkur mest um hið sanna heldur þær sálir sem eru gagnteknastar af ósegjanlegri þýðingu heimsins og leyndardómi – sálir sem geta verið „hugfangnar í fullnægðri athygli ... á því sjónarspili sem nærvera veraldarinnar er“.³⁰ Líkt og bestu landslagsmálararnir eru þeir sem hafa gleggst auga fyrir ólíkum blæbrigðum lita, ljóss og forma – og sjá alla náttúruna sem órofið sjónarspil þessara þátta – eru bestu kennarar okkar á sviði verðmæta þeir sem sjá alla veröldina sem eitt allsherjar sjónarspil þýðingar og mikilvægis. Þannig myndi James vísa þeirri hugmynd alfarið á bug að hægt sé að vega og meta gildi samfélaga og náttúru án þess að reyna að skilja til nokkurrar hlítar hugsun þeirra sem á áhrifamestan hátt hafa unnað þeim og sýnt þeim lotningu í orðum og verki.

Einhver gæti andæft og sagt að orð James um Jón og Gunnu varði tengsl okkar við menn, enda auðvelt að skilja hvernig samúðarfullur skilningur eigi

²⁸ Sama rit, bls. 861–862.

²⁹ William James, „On a Certain Blindness in Human Beings“, bls. 842.

³⁰ Sama rit, bls. 854.

við í því samhengi. Enn sé eftir að útskýra hvernig slíkur skilningur geti hjálpað okkur að hugsa um samskipti okkar við náttúruna í heild sinni. Þessu er til að svara að nær öll dæmin sem James ræðir í „On a Certain Blindness“ varða ýmist blindu manna eða vökult auga fyrir undrum og leyndardómum náttúrunnar – og ekki síst hve blind við gjarnan erum á það sem *aðrir* sjá af þessum náttúrulega veruleika.³¹ Blindan sem James bendir okkur á er í raun tvöföld; blinda á innra líf annarra, sérstaklega þeirra sem eru gagn-teknir af sjónarspili náttúrunnar, og um leið blinda á þennan ytri veruleika náttúrunnar sem hrærir hjarta þeirra, vekur ákafa þeirra og ástríðu. Hann bendir okkur í raun á að við lærum oft mest um það hvernig eigi að veita náttúrunni athygli með því að gefa gaum þeim samferðamönnum okkar sem veita henni ástríðufulla athygli. Ef við leyfum okkur að vera of upptekin af persónulegum áhyggjuefnum dagsins eða sérteknum viðfangsefnum fræðanna til að veita eftirtekt lífi þeirra sem unna náttúrunni þá förum við að öllum líkindum einnig á mis við þau einföldu gæði og þá ríku gleði sem fylgir því að veita henni athygli. Þótt því fari fjarri að einhver einn áhorfandi sé alsjáandi þegar náttúran er annars vegar þá gefa sumir okkur dýpri innsýn í leyndardóm hennar en aðrir vegna þess að þeir hafa ræktað athygli sína á henni á dýpri, glöggskyggjari og innilegri hátt en aðrir.

Sjáandi náttúrunnar: Thoreau

Það sem eftir er þessarar greinar mun ég beina athyglinni að heimspeki Henrys Davids Thoreau, en hún er gott dæmi um ástríðufulla viðleitni hugsuðar til að vekja og dýpka vitund sína og annarra um náttúrulega veruleika. Hún sýnir því glöggst hvernig heimspeki og siðfræði sem leggur ríka áherslu á innsæi, athygli og ímyndunarafli gagnvart veruleikanum getur hjálpað okkur að hugsa um tengsl okkar við náttúruna. Í augum Thoreaus varðar heimspekin þá spurningu hvernig eigi að lifa, og sú spurning er, eins og við sjáum glögglega í næstu tilvitnun, nátengd þeirri spurningu hvernig athygli við eigum að veita heiminum:

Hvernig á að lifa – Hvernig á að öðlast sem mest líf! ... Þetta er mitt daglega erindi ... Listin að verja degi. Sé mögulegt að við séum ávörpuð – ber okkur að vera athugul. Ef ég get – með því

³¹ James nefnir ljóðskáld á borð við William Wordsworth og Percy Shelley í þessu sambandi.

að hafa gát á allan daginn og alla nóttina – greint einhvern vott þess sem ekki verður komið orðum að – verður þá ekki þess virði að vaka? Vaktu yfir án afláts ... Ef ég get með því að standa vakt á borgarveggjunum komist í samband við himnana geri ég þá ekki vel í því að segja starfi mínu lausu og gerast vaktmaður? ... Við erum umkringd ríkulegum og frjóum leyndardómi – getum við ekki rannsakað hann – grúskað í honum – látið iðju okkar snúast um hann – í örliðum mæli? Helgaðu líf þitt upp götvan hins guðlega í náttúrunni ...³²

Lykilorðin í þessari efnisgrein eru sagnirnar að *lifa* og að *vaka*.³³ Spurningin um það hvernig lífinu sé best lifað, hvernig megi öðlast sem mest líf, er tengd getu manns til að sýna leyndardómi náttúrunnar vökula eftirtekt. Thoreau tengir slíka athygli við samúð eða vitlega samúð,³⁴ en einnig við ímyndunarafl, ást, lotningu, aðdáun og undrun.³⁵ Þannig er til dæmis óaðskiljanlegur þáttur lífslistarinnar, að hans dómi, að veita fegurðinni í heiminum vökula eftirtekt. Fegurðin er á hinn bóginn „hvorki hér né þar, nú né þá, hvorki í Róm né í Aþenu,“ eins og Thoreau segir í dagbókarfærslu, „heldur hvar sem er sál til að sýna aðdáun“.³⁶ Þetta þýðir meðal annars að í huga Thoreaus eru engin skörp skil milli fegurðarinnar og þess sem ber kennsl á fegurðina, milli viðfangs og athuganda, hins hlutlæga og hins huglæga:

Það er ekkert til sem heitir hrein hlutlæg reynsla. Til að athugun þín sé athyglisverð, það er þýðingarmikil, verður hún að vera huglæg. Kjarni þess sem höfundur af hvaða tagi sem er hefur að skýra

³² Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, Boston: Houghton Mifflin Co., 1906, 7. september 1851, bls. 471–472.

³³ Að *vekja* lesandann er undirliggjandi stef út í gegnum höfuðrit Thoreaus, *Walden*, Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Hákonardóttir þýddu, Reykjavík: Dimma, 2017. Sjá til dæmis í kaflanum „Hvar ég bjó og hvað ég lifði fyrir“, bls. 94: „...ætla ég ekki að yrkja harmljóð heldur hreykja mér hátt eins og árgalinn sem reigir sig á prikinu, þó ekki sé til annars en að vekja nágrannana“. Sjá einnig „Niðurstæða“, bls. 372: „Ég vil finna þann stað þar sem ég get talað skefjalaust, sem vaknandi maður við aðra vaknandi menn ...“

³⁴ Sjá Henry David Thoreau, „Walking“, *Thoreau. Collected Essays and Poems*, New York: The Library of America, 2001, bls. 250.

³⁵ Sjá til dæmis Henry David Thoreau, *The Heart of Thoreau's Journal*, ritstj. Odell Shepard, New York: Dover Publications, 1961, júní 1850, bls. 36: „Ímyndunarafl mitt, ást mín og lotning og aðdáun, tilfinning mín fyrir hinu undursamlega, vaknar ekki af neinum atburði eins og af minningum úr æsku minni.“

³⁶ Sama rit, 21. janúar 1838, bls. 4.

frá er einfaldlega einhver mannleg reynsla, hvort sem hann er skáld, heimspekingur eða vísindamaður. Mesti vísindamaðurinn er sá sem er mest lifandi, lifir lífi sem er mesti viðburðurinn. Skynfæri sem taka eftir ytri hlutum eingöngu koma að engu haldi.³⁷

Mörgum gæti fundist Thoreau ganga of langt hér með því að afneita greinarmuninum á hinu huglæga og hinu hlutlæga, á verðmætum og staðreyndum, sem sé þrátt fyrir allt forsenda nútíma vísinda- og fræðastarfs. Þá er á hinn bóginn rétt að benda á að Thoreau hafnar ekki greinarmuninum með öllu – öðru nær, meðal annars má benda á að hann stundaði sjálfur vísindarannsóknir í hefðbundnum skilningi þess orðs í miklum mæli. Vitneskja sem byggist á hlutlægum athugunum segir á hinn bóginn að hans dómi aðeins hálfá sögu um hvað það þýðir að þekkja heiminn. Hinn helmingurinn verður ekki sýnilegur fyrir en við berum kennsl á þýðingu hjartans fyrir vitund okkar um veröldina – og þess vegna fyrir eiginlega þekkingu okkar á henni. Þannig er, svo dæmi sé tekið, sannasta lýsingin – lýsingin sem gerir öðrum lifandi mönnum best kleift að bera kennsl á blóm – sú „ómelda og þokkafulla“ lýsing sem innblásin er af því að horfa á það. Og „engin vísindaleg lýsing myndi koma í stað hennar, þótt reynt væri að telja og mæla og greina hverja frumeind sem það er samsett úr“.³⁸ Ef marka má Thoreau er sú hugmynd að þekking sé fyrst og fremst þær hlutlægu upplýsingar sem hægt er að geyma í bókum vart sæmandi mannlegum verum:

Það skiptir engu inn í hvaða meintu eyðimörk skáldið fæðist. Þótt allir nágrannar hans kalli það Sahara þá verður það í hans augum paradís; því eyðimörkin sem við sjáum er afleiðing af ófrjórri reynslu okkar ... Allt sem maður hefur að segja eða gera og getur mögulega varðað mannkynið er að segja með einum eða öðrum hætti söguna af ást sinni – að syngja, og ef hann er heppinn og tekst að halda í sér lífsandanum þá verður hann ástfanginn alla tíð ... Það er miður að guðlegar verur þjáist af fótkulda; verra er þó hve oft kuldinn nær til hjartans.³⁹

Ástin sem Thoreau hefur að segja sögur af beinist að náttúrunni, þótt rétt sé að taka fram að hún beinist ekki *eingöngu* að henni. Thoreau boðaði ekki

³⁷ Sama rit, 6. maí 1854, bls. 129–130.

³⁸ Sama rit, 13. október 1860, bls. 117.

³⁹ Sama rit, 6. maí 1854, bls. 130.

hreina náttúrudýrkun; fyrir honum helst lotningin fyrir náttúrunni, eða hinu villta, í hendur við lotningu fyrir andlegum veruleika:

Ég fann innra með mér, og finn enn, köllun til einhvers æðra eða eins og það er orðað, til andlegs lífs, eins og flestir menn gera, og einnig til einhvers annars sem er einfaldara og frumstæðara og ég ber virðingu fyrir hvoru tveggja. Ég ann því villta ekki síður en hinu háleita.⁴⁰

Það sem Thoreau á við með hinu villta í þessu samhengi er hin frumstæða hvöt sem í lífverum býr, og þar á meðal í mannskepnunni, til að veiða og éta önnur dýr og taka þannig þátt í þeirri orkuhringrás sem lífið á jörðinni er. Ef andlegt líf felur í sér þrá eftir því að yfirstíga þessa hvöt eða umbreyta henni í eitthvað göfugra – eftir því að láta lífið snúast um annað og meira en einbera lífsbaráttu í ríki náttúrunnar – þá er Thoreau hér að viðurkenna að hann finnur báða þessa drifkrafta að verki í sjálfum sér og er reiðubúinn að einhverju marki að hlíta þeim báðum. Á sama hátt og Thoreau gengst bæði við aðdráttarafi hins villta og hins góða er að hans dómi óhugsandi að unna náttúrunni ef maður ann ekki líka fólki:

Til að skoða náttúruna á annað borð verður að skoða hana frá mannlegum sjónarhóli; það er, kynni af henni verða að tengjast mennskum tilfinningum, eins og þeim sem til dæmis tengjast heimahögum manns. Hún hefur mesta þýðingu fyrir unnendur. Unnandi náttúrunnar er fyrst og fremst unnandi manna. Ef ég á engan vin, hvers virði er þá náttúran mér? Hún hættir að vera siðferðilega þýðingarmikil.⁴¹

Sumir gagnrýnendur Thoreaus hafa skilið heimspeki hans svo að hún gangi út á að „einangra sig úti í skógi“ og boði einhvers konar einsetumannsheimspeki, þess sem telur sig of góðan fyrir mannlegt samfélag.⁴² Slíkur skilningur stenst ekki sanngjarnan lestur á verkum hans, eins og meðal annars sést af ofangreindri tilvitnun. Þótt Thoreau gagnrýni menn og mannlegt

⁴⁰ Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 243.

⁴¹ Henry David Thoreau, *The Heart of Thoreau's Journal*, 30. júní 1852, bls. 92.

⁴² Tilvitnuðu orðin eru úr grein Vilhjálms Árnasonar „Á rauðu ljósi“, *Hvers er siðfræðin megnug?*, ritstj. Jón Á. Kalmansson, Reykjavík: Siðfræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1999, bls. 211. Róbert H. Haraldsson fjallar um gagnrýnendur Thoreaus í „Úr viðjum samfélagsins og aftur til náttúrunnar“, *Frjálsir andar. Ótímaberar bugleiðingar um sannleika, siðferði og trú*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 15–54.

samfélag á stundum harkalega sprettur sú gagnrýni ekki af andúð á mönnum heldur þvert á móti af þeirri sannfæringu að þeir komi ekki fram við sjálfa sig af þeirri virðingu og nærgætni sem þeir verðskulda. Við ættum, segir hann til dæmis, að „fara með hugi okkar, það er, okkur sjálf, eins og saklaus og einlæg börn, sem okkur ber að vernda, og gæta þess hvaða hlutum og viðfangsefnum við þröngvum þeim til að veita athygli“. ⁴³ Í viðleitni sinni til að afla sér lífsviðurværis láta menn sjálfa sig á hinn bóginn undirgangast þrautir sem gera „tölf þrautir Heraklesar“ fáfengilegar í samanburði. ⁴⁴ Thoreau syngur náttúrunni lof ekki síst vegna þess að honum hrýs hugur við áhrifum þess fyrir samfélagið og siðmenninguna ef menn missa tengslin við þessa undirstöðu lífsins. ⁴⁵ Þetta er raunveruleg hætta því menn láta sig náttúruna litlu varða að hans dómi: „Flestum mönnum, að mér virðist, stendur á sama um náttúruna og myndu selja hlut sinn í allri fegurð hennar, svo lengi sem þeir fá lifað, fyrir tilgreinda upphæð – margir fyrir glas af rommi.“ ⁴⁶ Hið villta, það sem maðurinn hefur „ekki enn brotið undir sig“, er ekki aðeins vistkerfinu nauðsynlegt, eins og vistfræðingar nútímans hafa sýnt fram á, heldur „endurnærir það hann með nærveru sinni“; það heldur mannum í snertingu við sjálfar uppsprettur lífsins, því „lífið er gert úr hinu villta. Það sem er mest lifandi er villtast“. ⁴⁷

Til að skilja betur hvað Thoreau á við með slíkum orðum, hvers konar afstaða til náttúrunnar býr þar að baki, er gagnlegt að taka að minnsta kosti eitt dæmi um náttúrulýsingu úr skrifum hans. Eftirfarandi dæmi, sem er tekið nánast af handahófi úr *Walden*, lýsir komu vorsins:

Fyrstu spörfuglar vorsins! Árið hefst með yngri vonum en nokkurn tíma fyrr! Lágvært silfurkvak fjallasöngvarans, ómtittlingsins og skógarþrastarins berst yfir nær snjólausa og blauta akrana, líkt og síðustu snjóflygsur vetrarins klingi þegar þær falla til jarðar! Hvaða máli skipta mannkynssagan, annálar, hefðir og allar ritaðar opinberanir á slíkri stundu? Lækirnir syngja vorinu fagnaðar- og gleði-

⁴³ Henry David Thoreau, „Life Without Principle“, *Thoreau. Collected Essays and Poems*, 2001, bls. 362.

⁴⁴ Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 15.

⁴⁵ Sjá til dæmis Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 361. „Lífið í þorpinu staðnaði ef ekki væru ókannaðir skógar og engi allt í kring.“ Varðandi hugmyndir Thoreaus um skort á einveru úti í náttúrunni, og afleiðingar hans fyrir mannlegt samfélag, sjá meðal annars kaflann „Einvera“ í *Walden*, bls. 145–155.

⁴⁶ Henry David Thoreau, *The Heart of Thoreau's Journal*, 3. janúar 1861, bls. 217.

⁴⁷ Henry David Thoreau, „Walking“, bls. 240.

söngva. Bláheiðirinn siglir lágt yfir engin, þegar farinn að litast um eftir fyrsta slímuga lífinu sem vaknar. Ymur dropanna í bráðnandi snjónum heyrir í hverri kvos og ísinn leysist hratt af vötnunum. Grasið glóir í brekkunum eins og voreldur ... eins og frá jörðinni stafi innri hiti til að heilsa sólinni þegar hún snýr aftur, logarnir ekki gulir heldur grænir – litur eilífrar æsku, grasstráið streymir eins og langur grænn borði upp úr sverðinum inn í sumarið, frostið heldur að vísu aftur af því en von bráðar þrýstist það fram á ný, lyftir spjóti sínu upp úr sinu síðasta árs með nýju lífi að neðan.⁴⁸

Fyrir náttúruunnanda á borð við Thoreau iðar öll náttúran af lífi og þýðingu. Hver minnsta vísbending um kviknandi líf vekur sterkari von og dýrmætari reynslu en áhrifamestu opinberunarrit trúarbragðanna. Frá slíkum sjónarhóli er fráleitt að halda að finna þurfi einhverja tiltekna eiginleika í náttúrunni til að réttlæta þýðingu hennar. Ef við viljum finna grundvöllinn fyrir þýðingu náttúrunnar þá þurfum við fremur að líta inn á við. Hvernig við sjáum og metum náttúruna segir ekkert síður hvaða innri mann við höfum að geyma, eða í hvaða ástandi við erum, en eitthvað um náttúruna sem slíka. Að nema náttúruna er eins konar siðferðilegur prófsteinn á okkur sjálf:

Náttúran hefur komið mér fyrir sjónir sem óvenju auð og snauð í einn eða tvo daga. Þegar við beinum skynfærunum að umheiminum lesum við okkar eigin líkamlegu og siðferðilegu umbreytingar. Náttúran var allt í einu svo óáhugaverð að ég vissi ekki hvað hafði laðað mig að henni allt mitt líf. Ég gladdist því þegar ég, á leið minni yfir tún í kvöld, varð djúpt snortinn af fegurð eplatrés. Skynjun fegurðar er siðferðilegt próf.⁴⁹

Það er ekki við náttúruna að sakast ef hún vekur ekki áhuga okkar eða ef við getum hvergi fundið einhverja eiginleika sem láta hana verðskulda virðingu okkar. Vera má að við séum einfaldlega of lokuð, daufgerð og snauð af hugarflugi til að veita því eftirtekt sem fyrir augu okkar ber. „Náttúran kastar ekki perlum fyrir svín,“ segir Thoreau: „Okkur er aðeins sú fegurð sýnileg í landslagi sem við erum reiðubúin að hafa auga fyrir – ekki örðu meira.“⁵⁰ Allt ber að sama brunni. Það hvað mögulegt er að sjá í veruleikanum veltur

⁴⁸ Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 355.

⁴⁹ Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, 21. júní 1852, bls. 126.

⁵⁰ Henry David Thoreau, „Autumnal Tints“ í *Thoreau. Collected Essays and Poems*, bls. 393.

á skilningi sjáandans.⁵¹ Til að nema fegurð heimsins þarf dygðuga sál.⁵² Það sem við þurfum að hafa til að bera til að geta séð náttúruna í réttu ljósi er sambland af árvekni,⁵³ undrun og lotningu. „Öll fyrirbæri náttúrunnar þarf að sjá frá sjónarhóli undrunar og óttablandinnar lotningar [wonder and awe], líkt og eldingu,“ segir Thoreau.⁵⁴ Ein ástæða þess að hann leggur svo mikla áherslu á undrun og lotningu fyrir náttúrunni er sú að það er einmitt með afstöðu til veruleikans af þessu tagi sem við varðveitum í okkur tengslin við hið villta, sem er sálarlífinu svo nauðsynlegt að hans dómi:

Jafnframt því að við leggjum okkur fram um að kanna og læra allt, þörfnumst við þess að allt sé dularfullt og órannsakanlegt, að land og sjór séu óendanlega villt, órannsökuð og ómæld af því að þau séu ekki rannsakanleg. Við getum aldrei fengið nóg af náttúrunni. Við verðum að endurnærast af því að sjá óþrjótandi orku hennar, stór og risavaxin form, sjávarströnd með skipsflökum, óbyggðir með lifandi og deyjandi trjám, þrumuský og rigningu sem stendur í þrjár vikur og veldur flóðum. Við þurfum að sjá stigið yfir þau mörk sem okkur eru sett ...⁵⁵

⁵¹ Samanber Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 106: „Og við getum aðeins skilið allt það sem er háleitt og göfugt með því að drekka í okkur eða kafa stöðugt ofan í þann raunveruleika sem umlykur okkur hverju sinni. Alheimurinn kemur stöðugt og fúslega til móts við skynjanir okkar, hvort sem við förum hratt eða hægt hefur brautin verið mörkuð fyrir okkur. Við skulum því nota lífið til að reyna að öðlast skilning.“

⁵² Samanber Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, 10. apríl 1841, bls. 247: „Hve mikil dygð er í því fólgin einfaldlega að sjá.“

⁵³ Í kaflanum „Hljóð“ í *Walden*, bls. 125, talar Thoreau um tungumálið „sem allir hlutir og allir atburðir beita“ og ekki er hægt að læra nema vera allsgáður, vakandi og með fulla athygli: „Engin aðferð og engin fræðigrein getur leyst af hólmi þá nauðsyn að vera ávallt viðbúinn.“ Engin sagnfræði, heimspeki, skáldskapur, félagsskapur eða lífsvenjur jafnast á við þá list að „horfa ævinlega á það sem fyrir augu ber“.

⁵⁴ Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, bls. 158. Thoreau skrifar í dagbók sína 29. janúar árið 1840 að Æskilos hafi verið „aleinn og án samúðar í einfaldri lotningu fyrir leyndardómi alheimsins“, sjá *The Heart of Thoreau's Journal*, bls. 10.

⁵⁵ Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 361-362. Sjá einnig *The Journal of Henry David Thoreau*, 25. desember 1851, bls. 156: „Ef það er engin ráðgáta í útskýringum þínum, eitthvað sem er óútskýranlegt fyrir skilningnum, einhver þráður af leyndardómi, þá eru þær með öllu ófullnægjandi. Hvaða gagn er að þeim ef ekkert í þeim höfðar til ímyndunarafís míns? Hvers konar vísindi eru það sem auðga skilninginn en ræna ímyndunaraflið?“

Við þurfum með öðrum orðum, til að varðveita okkar eigin andlega þrótt og frjálsræði í hugsun, snertingu við heim sem er víðari, villtari og frjálsari en það sem við erum sjálf fær um að búa til, skilja til fulls, eða ráðskast með. Við getum sagt að samkvæmt Thoreau þá þurfum við á því að halda að sjá og lifa í veruleika sem er á róttækan hátt *annar* en við sjálf, en við getum engu að síður fundið heimkynni okkar í. Náttúran þarf að vera okkur bæði framandi eins og ókunn pláneta og kunnugleg eins og okkar eigin áthagar. Fyrir hugsuð á borð við Thoreau er það einungis með athygli á náttúrunni af þessu tagi að náttúran getur orðið lifandi veruleiki fyrir okkur, og við getum séð hennar rétta andlit – sem fyrir Thoreau er þegar allt kemur til alls hin *guðlega* birtingarmynd hennar. Hann sér það sem starf sitt eða köllun „að vera ávallt viðbúinn því að finna Guð í náttúrunni, að þekkjast staðina þar sem hann leynist, að sækja óratoríurnar og óperurnar í náttúrunni“.⁵⁶ Raunin er sú að hann sér hið guðlega brjótast fram hvarvetna í náttúrunni, til dæmis í sjálfri hreyfingunni sem er í hennar innsta eðli:

Þessi hreyfing hvarvetna í náttúrunni hlýtur vissulega að vera hringstreymi Guðs. Hið þanda segl, hinn rennandi lækur, hið blaktandi tré, hinn reikandi vindur – hvaðan kemur annars óendanlegur þróttur þeirra og frelsi? Ég get ekki séð neitt eins fullkomið og heilagt og óaflátanlegan leik og gáska í þessum laufskála sem Guð hefur byggt handa okkur.⁵⁷

Thoreau sér guðdómleikann þess vegna ekki aðeins bundinn við formin eða frummyndirnar sem birtast í efninu en eiga sér í einhverjum skilningi sjálfstæða tilvist, líkt og heimspekileg hugsun í anda Platons gefur tilefni til að ætla. Vissulega ber *fegurð* náttúrunnar nærveru hins guðlega órækt vitni að dómi Thoreaus. Hann myndi taka heilshugar undir með Simone Weil að eitt af því fáa sem við nútímamenn gerum enn til að „leyfa Guði að gagntaka okkur“ sé að opna augun fyrir „fegurð heimsins“.⁵⁸ En fyrir Thoreau er guðleiki náttúrunnar ekki aðeins fólgin í fegurð hennar heldur ber jafnvel sjálfur *efnis*-leiki hennar, ef svo má að orði komast, órækt vitni um eitthvað æðra.

⁵⁶ Henry David Thoreau, *The Heart of Thoreau's Journal*, 7. september 1851, bls. 58.

⁵⁷ Sama rit, 29. desember 1842, bls. 28.

⁵⁸ Simone Weil, *Waiting for God*, New York: HarperCollins, 2009, bls. 102. Weil segir á hinn bóginn einnig, bls. 101: „... fegurð heimsins er nánast ekki fyrir hendi í hinni kristnu hefð. Þetta er undarlegt. Það er illskiljanlegt. Það skilur eftir skelfilega eyðu. Hvernig getur kristinn maður kennt sig við almenna kenningu ef sjálfur alheimurinn er hafður útundan?“

Í hugsun Thoreaus rennur hið jarðneska og hið himneska, raunheimurinn og handanheimurinn, saman í eina órofa heild. Þannig spyr hann til dæmis: „Hvernig stendur á því að við berum lotningu fyrir steinunum sem falla frá annarri plánetu en ekki fyrir steinunum sem tilheyra þessari – öðrum hnetti, ekki þessum – himni, en ekki jörðu?“, og bætir síðan við:

Nei, þegar við röknum af deyfð og doða okkar hversdagslega lífs berum við kennsl á allan hnöttinn sem loftstein, og sýnum honum lotningu sem slíkum, og förum á vit hans í pílgrímsferðir, eins fjarlægur og hann er ... Það myndi þýða endurfæðingu mannkyns ef það gæti orðið nægilega háleitt til að tilbiðja stokka og steina ... Ég myndi glaður búa í haginn fyrir hvert tækifæri til þess að undrast og tilbiðja, eins og sólfífill fagnar ljósinu. Því áhugaverðari, undursamlegri, guðdómlegri hlutir vekja athygli mína dag hvern þeim mun víðsýnni [more expanded] og ódauðlegri verð ég.⁵⁹

Áhugaleysi Thoreaus um handanheima, líf eftir þetta líf, og þar fram eftir götunum, helgast af þeirri sannfæringu að sé þessi efnislegi heimur og þetta jarðneska líf beitt þeim þrýstingi vökullar athygli sem menn eru færir um að efla með sér muni það reynast þeim meira en næg uppspretta andlegrar þýðingar meðan þeir dvelja á jörðinni.⁶⁰

Það er við hæfi að enda þessa umfjöllun um náttúrusýn Henrys Davids Thoreau á þessari trúarlegu hlið á hugsun hans. Ég sagði áður að það hvað við getum séð og metið af náttúrunni sé í hugsun Thoreaus órjúfanlega tengt tilfinningum á borð við ást. Til þess að geta séð fyrirbæri þurfum

⁵⁹ Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, 30. ágúst 1856, bls. 45–46. Í bók Thoreaus *The Main Woods, í Thoreau*, bls. 645–646, er að finna áhrifamikla hugleiðingu um annarleika efnisheimsins. Hugleiðingin hefst á lýsingu á hrjóstrugu landslagi og endar á eftirfarandi orðum: „Hvað er það að fá inngöngu á safn til að skoða aragrúa einstakra hluta samanborið við það að vera sýnt yfirborð reikistjörnu, hart efni í heimkynnum sínum! Líkami minn vekur mér ótابلadna lotningu, þetta efni sem ég er bundinn er orðið mér svo framandi. Ég óttast ekki anda eða drauga, af hvaða meiddi ég er – það kann líkami minn að gera – en ég skelfist líkama, ég nötra þegar þeir verða á vegi mínum. Hvað er þessi jötunn sem heldur mér í greipum sér? Talandi um leyndardóma! Hugsum um líf okkar í náttúrunni – að sjá efni daglega, komast í sneringu við það – kletta, tré, vind á vanga! hina föstu jörð! hinn raunverulega heim! hina heilbrigðu skynsemi! Snerting! Snerting! Hver erum við? bvar erum við?“

⁶⁰ Sagt er að þegar Thoreau lá banaleguna hafi hann svarað þeirri spurningu hvort hann væri reiðubúinn að fara yfir í annan heim með orðunum „einn heim í einu“ (e. *one world at a time*). Sjá Robert D. Richardson, *Henry David Thoreau. A Life of the Mind*, Berkeley: University of California Press, 1986.

við á einhvern hátt að geta látið okkur *annt* um það. Það er á hinn bóginn vert að hafa í huga að í hugsun Thoreaus felur ást ávallt einnig í sér *trú*. Í efnisgrein í *Walden* sem fjallar um hina sönnu uppskeru daglegs lífs segir Thoreau: „Stærstu sigrarnir og æðstu gildin eru þau sem minnsta viðurkenningu fá. Við efumst auðveldlega um að þau séu til. Við gleymum þeim fljótt. En þau eru hinn æðsti veruleiki.“⁶¹ Hann gefur jafnframt til kynna að leiðin til að sigrast á *efanum* sem kemur í veg fyrir að við komumst í snertingu við þennan æðsta veruleika og gæði sé að vera „staðföst og trúföst“ (e. *resolute and faithful*). Það má útleggja þessi orð á þann veg að það sé ekkert í náttúrunni – til dæmis engir eiginleikar – sem geti gefið okkur *tryggingu* eða *sönnun* fyrir því að ást okkar, aðdáun eða lotning fyrir fyrirbærum hennar eigi rétt á sér. Ef slík trygging verður krafa okkar þá muni ekkert geta sefað efasemdir okkar í þá veru að náttúran sé ekkert annað en kaldur og miskunnarlaus veruleiki lögmála og tilviljana, án allrar þýðingar og jafnvel án allrar fegurðar. Við eigum á hinn bóginn völ á að feta aðra braut, og það er vegur trúar og trausts. „Trú er sjón og þekking,“ segir Thoreau.⁶² Við getum með öðrum orðum ekki séð og þekkt náttúruna á þann hátt sem Thoreau hefur í huga nema við séum reiðubúin að trúa því að hún verðskuldi fulla athygli okkar. Það er náinn skyldleiki með hugsun þeirra Thoreaus og Williams James hvað þetta varðar. James segir að í vissum tilfellum sé „það trúin á hlutinn, sem skapar hann og réttlætir sjálfa sig með því“.⁶³ Eitt dæma James í þessu sambandi er vinátta:

Þykir þér vænt um mig eða ekki? Oftast nær verður svarið að miklu leyti undir því komið, hvort ég mæti þér miðja vega, er fús til þess að trúa því, að ég falli þér í geð, og sýni þér traust og eftirvæntingu. Trúin, sem ég hef fyrirfram á velvild þína, kallar á hana. En ef ég stend á lengdar og neita að hreyfa mig úr sporunum fyrr en ég hafi fengið öruggar sannanir fyrir vináttu þinni ... þá er hættast við, að hún verði aldrei nein.⁶⁴

Í hugsun Thoreaus er fólgin samskonar áhersla á mikilvægi „trausts og eftirvæntingar“ í sambandi okkar við náttúruna, enda er samband okkar við nátt-

⁶¹ Henry David Thoreau, *Walden*, bls. 249.

⁶² Henry David Thoreau, *The Journal of Henry David Thoreau*, 10. apríl 1841, bls. 248. Sjá einnig *Walden*, bls. 331: „Ég held við getum óhult treyst í meira mæli en við gerum.“

⁶³ William James, „Trúarvilji“, *Erindi siðfræðinnar*, ritstj. Róbert H. Haraldsson, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993, bls. 74.

⁶⁴ Sama rit, bls. 73.

úruna réttilega eins konar vináttusamband í hans huga. Ef við neitum að hreyfa okkur úr sporunum fyrr en við höfum fengið öruggar sannanir fyrir „verðleikum“ náttúrunnar þá mun sambandið við hana koðna niður í það að hún sé eingöngu hráefni og auðsuppspretta í okkar augum.⁶⁵ Undur hennar og leyndardómar fara þá einfaldlega framhjá okkur eins og þeir væru ekki til. Ef við á hinn bóginn leggjum rækt við móttækileika okkar fyrir hinum náttúrulega veruleika, höfum trú á því að vökul athygli á honum geti fært okkur gæði sem eru jafnvel ríkulegri en við getum gert okkur í hugarlund, þá geta þessi gæði orðið raunveruleg fyrir okkur. Hjá hugsuði á borð við Thoreau er þessi trú á mátt athyglinnar til að opinbera veruleikann og á mátt veruleikans til að opinberast athygli okkar svo sterk að eitt einasta fyrirbæri náttúrunnar getur gefið ómæld fyrirheit, og getur verðskuldað ævilanga rannsókn:

Ein andrá lífs kostar margar stundir, ekki stundir af vinnu heldur af undirbúningi og móttöku [invitation] ... Hve margra, hve óteljandi, frjálsra stunda, eins og mannsævi, krefst það að læra að meta eitt einasta fyrirbæri! Maður verður að taka sér bólstað við hlið þess eins og fyrir lífstíð, hafandi komist til síns fyrirheitna lands, og helga sig því að fullu og öllu. Það verður að standa fyrir allan heiminn í manns augum, vera táknrænt fyrir alla hluti.⁶⁶

Lokaorð

Ég hef í þessari grein fjallað um ólíkar heimspekilegar nálganir á náttúruna og gildi hennar. Annars vegar er rík áhersla á siðfræðilega þýðingu tiltekinna eiginleika, sem sagðir eru upphefja manninn og gefa honum einstaka siðferðilega stöðu gagnvart náttúrunni. Þetta er afstaða sem hafnar því að náttúrulegar verur, mannfólk og dýr, hafi gildi sem slíkar, á grundvelli innsýnar í fegurð þeirra og mikilvægi. Á hinn bóginn er viðhorf sem heldur þvert á móti á lofti mikilvægi innsæis, athygli, ímyndunarafis og trúar í ólíkum myndum fyrir siðferðilega hugsun okkar bæði um manneskjur og náttúru. Í

⁶⁵ Í kaflanum „Vötin“ í *Walden*, bls. 223-224, gagnrýnir Thoreau bóndann sem er sama um vatnið á bújörð sinni, bóndann sem „aldrei sá það, aldrei baðaði sig í því, aldrei þótti vænt um það, aldrei verndaði það, aldrei átti gott orð um það eða þakkaði guði fyrir að hafa skapað það“, bóndann sem „hefði glaður ... þurrkað það upp og selt fyrir botnleirinn“, bóndann sem „færi með landslagið, já færi með sjálfan guð á markaðstorgið ef hann fengi eitthvað fyrir hann ...“

⁶⁶ Henry David Thoreau, *The Heart of Thoreau's Journal*, 28. desember 1852, bls. 101.

stað þess að reyna að útiloka slíka þætti frá siðfræðinni, sem ólíklegt verður að teljast að sé yfirleitt mögulegt eða æskilegt, felur síðarnefnda viðhorfið í sér viðurkenningu á mikilvægi þeirra fyrir siðferðilega hugsun okkar og líf. Til að bregða örliðu ljósi á slíka nálgun hef ég rakið stuttlega dæmi úr skrifum bandaríska heimspekingsins Henrys Davids Thoreau.

Er athygli á veruleikanum af því tagi sem Thoreau ræðir um, mótuð af ríku ímyndunarafla, ást og trú, möguleg í okkar veraldlegu menningu? Getur sú hugmynd ennþá öðlast líf og trúverðugleika að athygli sé eins konar bæn þar sem við gerum sjálf okkur opin fyrir áhrifum náttúrunnar, bjóðum hana velkomna, gerum okkur móttækileg fyrir veru hennar – af einskærri trú á þýðingu hennar og mikilvægi? ⁶⁷ Ég sé enga ástæðu fyrir því hvers vegna svo ætti ekki að geta verið, sérstaklega þegar haft er í huga að trúin sem hér er í húfi er ekki lokuð kreddufesta þess sem trúir í blindni á hina einu réttu túlkun bókstafsins. Trúin sem um ræðir er þvert á móti trú sem byggist á því að viðurkenna að heimurinn kunni að hafa fleiri víddir en takmarkaður skilningur okkar getur höndlað. Það er trú sem treystir því, með orðum Williams James, að „allt okkar líkamlega líf [kunni] að hvíla gegnsósa í andlegu andrúmslofti, í vídd veruleikans sem við höfum sem stendur engar sálar-gáfur til að skilja“.⁶⁸ Það er trú sem heimilar okkur að trúa á heim, hvort sem það er hinn náttúrulegi/guðlegi heimur Thoreaus eða óséður heimur James, sem við höfum engar vísindalegar sannanir fyrir að sé til en sem fyrir hinum trúaða er lifandi möguleiki og trú hans getur átt þátt í að gera að veruleika.

Athygli á náttúrunni af því tagi sem Thoreau ræktaði með sjálfum sér og tjáði í skrifum sínum er ekki aðeins möguleg heldur má halda því fram með gildum rökum að hún sé beinlínis lífsnauðsynleg. Í *Jarðarsáttmálanum* svo-nefnda, sem er fjölpjódleg siðferðileg stefnuyfirlýsing í umhverfismálum er leit dagsins ljós árið 2000, er því lýst hve eyðileggjandi áhrif framleiðslu- og neysluhættir manna nú um stundir hafi á jörðina, á samfélög, vistkerfi og náttúruauðlindir. Þar er líka lýst þeirri ábyrgð sem hver og einn jarðarbúi þarf að axla í ljósi þessa:

⁶⁷ Í hugsun Simone Weil, líkt og í hugsun Thoreaus, er sú hugmynd áberandi að athygli sé bæn. Hún segir til dæmis: „Athygli, þegar hún nær sínu æðsta stigi, er það sama og bæn. Hún krefst trúar og ástar“. Sjá Simone Weil, „Attention and Will“, *Simone Weil. An Anthology*, New York: Grove Press, 1986, bls. 211–212.

⁶⁸ William James, „Is Life Worth Living?“, *William James. Writings 1878–1899*, New York: The Library of America, 1992, bls. 499.

Allir deila ábyrgð á velferð hinnar mannlegu fjölskyldu og hinum stærri lífheimi í nútíð og framtíð. Andi mannlegrar samstöðu og skyldleika [kinship] við allt líf styrkist þegar við lifum í lotningu fyrir leyndardómi verunnar, þakklæti fyrir gjöf lífsins, og auðmýkt gagnvart stöðu mannsins í náttúrunni.⁶⁹

Sá grunnur sem hér er lagður að því siðferðilega andsvari sem nauðsynlegt er andspænis umhverfisvá nútímans er í fyllsta samræmi við þá „siðfræði athyglinnar“, sem ég hef gert að umtalsefni í þessari grein. Vera má að sú afstaða til og athygli á veruleikanum sem lýsir sér í undrun, lotningu og trú – sem lýsir sér í getunni til að vera opinn fyrir dýrmæti náttúrulegra fyrirbæra – geri líf okkar ekki aðeins fyllra af merkingu heldur sé ef til vill einnig forsenda þess að við tökum ábyrgð á gerðum okkar og lifum af sem tegund.⁷⁰ Vera má að sá hæfileiki sem í iðnvæddu neyslusamfélagi virðist tilgangslausastur alls – einfaldlega til að taka á móti og íhuga undur þess sem er – sé sá sem helst geti vísað okkur veginn til skynsamlegra og betra lífs á jörðinni.

ÚTDRÁTTUR

„Hið þanda segl, hinn rennandi lækur ...“ Athygli, ást og lotning í siðfræði náttúrunnar

Greinin fjallar um mikilvægi athygli, lotningar og ástar í siðferðilegri hugsun, einkum er varðar náttúruna. Greinin hefst á umfjöllun um algengan heimspekilegan skilning á siðferðilegu gildi og siðferðilegri stöðu manna, dýra og náttúrunnar í heild. Samkvæmt þessum skilningi ræðst siðferðilegt gildi og staða vera af því hvaða hugrænu eiginleikum þær eru gæddar. Færð eru rök fyrir því að þessi skilningur sé ófullnægjandi, og að dýpri skilningur á siðferðilegri þýðingu fyrirbæra fáiast í ljósi hugtaka á borð við athygli, lotningu og ást. Rætt er um það hvernig þessi hugtök tengjast sýn á gildi manna og náttúru, og hvernig þau geta einnig hjálpað okkur að hugsa um blindu okkar á innra líf annarra og á það sem aðrir sjá af veruleikanum. Loks eru náttúruskrif Henrys Davids Thoreau tekin sem dæmi um djúpa sýn á náttúruna og gildi hennar sem er í ríku mæli mótuð af athygli, lotningu og ást. Hugsun

⁶⁹ Sjá <http://www.earthcharterinaction.org/content/pages/Read-the-Charter.html>, sótt 12. nóvember 2019.

⁷⁰ Um þróunarfræðilegt gildi undrunar, sjá Robert C. Fuller, *Wonder: From Emotion to Spirituality*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 2006, bls. 94–95.

Thoreaus leiðir í ljós að siðferðilegt samband okkar við aðrar verur er í grundvallaratriðum mótað af þessum hugtökum.

Lykilorð: Athygli, lotning, ást, náttúra, hugrænir eiginleikar, Henry David Thoreau

S U M M A R Y

“The flowing sail, the running stream ...”

Attention, Reverence and Love and the Ethics of Nature

In this article I discuss the importance of the concepts of attention, reverence and love in ethics and moral thought, especially in relation to nature. Firstly, I examine a view that may be considered as a standard view in moral philosophy. According to this view the moral value of humans, animals and other natural beings depends on the mental and nonmoral characteristics, such as reason, consciousness or sentience, they may possess. Some proponents of the standard view make a sharp distinction between it and other standpoints in moral philosophy, claiming that the standard view rests on rational grounds, while other viewpoints rely merely on emotions, insight, and so forth. However, as I point out, the standard view usually rests on an insight into the elevated value or importance of one or another of mental characteristics. The standard view is therefore unsatisfactory in so far as its proponents do not acknowledge the basis of moral thought in deeper emotional insight. I consider, secondly, one aspect of this emotional insight by considering the virtue of reverence. Reverence is a capacity to see and have appropriate feelings toward something of great worth. Reverence is an important source of moral understanding, but also of moral disagreement since we do not always see eye to eye as to what has great worth. We are often blind to the worth others see in things. I argue that one of the main tasks of moral agency is to seek to lessen the influence of this kind of blindness, i.e. to try to see the world in the light of other people's reverence and love. I argue also, following William James, that when it comes to seeing the true worth of things it is the side that feels the more, and not the side that feels the less, that we should pay greater attention to. This claim leads to the final part of my paper which deals with the nature-writings of Henry David Thoreau. In his meditations on nature Thoreau often uses words like wonder, awe, reverence and love to convey his thought. His thought on nature is, furthermore, charged with these notions and feelings. I argue that Thoreau shows us in his writings how our ability to see nature in all her stark-

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

ness, beauty and worth depends on our reverence and love for her; nature is most significant to a lover, as he puts it.

Keywords: Attention, reverence, love, nature, mental characteristics, Henry David Thoreau

JÓN ÁSGEIR KALMANSSON

Aðjunkt í heimspeki

Deild faggreinakennslu

Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Stakkahlíð

IS-105 Reykjavík, Ísland

jonkalma@hi.is